

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannanna, um fjárkláðann.

1859.
28. maí.

Ef fjársýki þeirri, sem nú gengur á Íslandi, á að verða útrýmt, virðist það nauðsynlegt og að öðru leyti haganlegast, að um allt land verði höfð sama aðferð við meðferð sjúkdómsins; en þaræð þess verður naumast að vænta, að þessu verði til leiðar komið eins og nú stendur á á Íslandi, og meðan þar vantar nægan myndugleika til að framfylgja þessu, hefur konungur, samkvæmt uppástungum dýralækningaráðsins, verið beðinn um, að fela mál þetta alveg á hendur konunglegum erindsrekum með nægu valdi. Konungi þóknadist eptir þetta að útnefna dýralækni, prófessor Tscherning og skjalavörð Jón Sigurðsson, til sem erindsreka stjórnarinnar að fara til Íslands; og skyldu þeir fyrst nákvæmlega rannsaka heilbrigðisástand fjárins, einkum með tilliti til þess hörundskvilla, sem hefur gengið nú seinustu árin, og yfir höfuð veita eptirtekt öllu, sem snertir heilbrigði fjárins; og síðan í sameiningu gjöra þær ákvarðarnir, sem þeim kynni að sýnast nauðsyn á og annars eiga við á Íslandi, til að varna útbreiðslu sýkinnar, eða til að lækna fêð og bæta heilbrigðisástand þess.¹

Um leið og eg tilkynni yður þetta, herra amtmaður, sendi eg yður afskrípt af hinu konunglega erindisbréfi, er erindsrekar þessir hafa fengið, svo að þér getið hagað yður þar eptir og gert það kunnugt í amti yðar.

19. Auglýsing um að birta í blaðinu „Þjóðólfi“ auglýsingar þær, sem um ræðir í opnu bréfi 27. maí þ. á.

27. júní.

Eptir valdi því, er dómsmálastjórnarherraum er veitt í opnu bréfi 27. maí þ. á., um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðunum í vissum tilfellum, er það hér með fyrirskipað, að auglýsingar þær, sem um er

1) Til stiptamtmannsins var hér bætt við um laun erindsrekanna, og um að greiða þeim fê þar eptir, þegar þeir æsktu þess.